

## Bílastæðasjóður

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir  
Formaður Borgarráðs

Erindi: Reglur Bílastæðasjóðs

Stjórn Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur hafa borist kvartanir vegna reglna Bílastæðasjóðs um úthlutun Íbúakorta. Kvartað er yfir því að ekki sé hægt að fá íbúakort nema eiga bifreið og þeir sem eru með bílaleigubíla á langtímaleigu eða um stundarsakir td vegna vegna sérstakra aðstæðna eða viðgerða á eigin bifreið fái neitun við slíkum erindum. Þykir fólki þetta hálfgerð forneskja á tímum bíllauss lífsstíls og deilibíla.

Einnig væri ástæða til að skoða svæðaskiptingu íbúakortanna því mjög mismunandi er hve mikil ásókn er í svæðin. Og hvernig á t.d. að bregðast við ef deilibílar verða algengir en þeir aðilar sem deila bílnum búa á sitt hvoru svæðinu? Þurfa þeir mörg íbúakort fyrir sama bílinn?

Nú stendur til að fjölga göngugötum í miðborginni en enn hafa vandræði þeirra sem búa við þær vegna aðflutninga ekki verið leyst. Leyfilegt er að aka um göngugöturnar á morgnanna með vörur til fyrirtækja en sá tími hentar illa þeim íbúum sem eru í námi eða vinnu og þurfa að flytja vörur eða þunga hluti til eða frá hóbýlum sínum. Finna þarf lausn á þessum vanda því varla er sanngjarnt að sekta þessa íbúa.

Það er bráðnauðsynlegt að gera reglur Bílastæðasjóðs nútímalegri og sveigjanlegri og býður stjórn ÍMR fram aðstoð sína við það verkefni.

Samrit sent borgarfulltrúum

Benóný Ægisson formaður ÍMR

### Úr fundargerð borgarstjórnar 6. okt:

11. Lögð fram svohljóðandi tillaga Arnar Þórðarsonar borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn samþykkir að leita leiða til að gera reglur Bílastæðasjóðs varðandi útgáfu íbúakorta í miðborg Reykjavíkur nútímalegri og sveigjanlegri til að mæta breyttum aðstæðum á tímum bíllauss lífsstíls og deilibíla. Samráð verði haft við stjórn Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur.

Frestað.

### Erindi frá Guðríði Öddu Ragnarsdóttur

Benóný Ægisson, formaður Íbúasamtaka Miðborgar

Sæll Benóný.

Erindi:

Staða íbúa miðborgar sem ekki eiga bíl er óviðunandi. Ég fer fram á að fólk í þeirri stöðu geti keypt íbúakort bílastæðasjóðs til eins árs, rétt eins og bíleigendur.

Kortið gæti þá verið skráð á kennitölu eða húsnæði í stað bílnúmers, svo viðkomandi sé ekki neyddur til að kaupa bíl, en geti fengið bíl að láni eða til leigu til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum og lagt honum í bílastæði hverfisins á gildistíma kortsins.

Ekki er annað að sjá en að slíkt fyrirkomulag falli vel að reglum um Bílastæðasjóð ef undan er skilin 4. grein: „ Umsækjandi þarf að vera skráður eigandi eða umráðamaður bifreiðarinnar sem sótt er um kort fyrir samkvæmt ökutækjaskrá.“ Þessi 4. grein er of þýngjandi og virðist í framkvæmd vega þýngra en ákvæði í 1., 2. og 5. grein reglnanna. Fyrir daglegt líf fólks í nútíma þjóðfélagi, t.d. þar sem börn fara á milli foreldra og fjölskyldna, getur reynt á samnýtingu á bílum.

Sá bíllausi notar oft fleiri en einn bíl til skamms tíma í senn, og því er enginn grundvöllur fyrir nýskráningum. Þess má einnig geta að bílaleigur taka það ekki í mál að skrá leigutaka sem með-umráðamann bíls nema að leigan sé til langs tíma og vari amk. í 8-9 mánuði.

Sjálf lagði ég mínum bíl árið 2012, og hef síðan notað strætó til allra erinda sem ekki eru í göngufæri. En nú stendur þannig á að í haust hef ég þurft á bíl að halda til óákveðins tíma. Þann eina mánuð sem ég hef verið á bílnum hef ég þegar greitt hátt í 20.000 kr. í gjaldmælinn sem stendur beint fyrir utan húsið sem ég hef búið í sl. 45 ár. Það er andvirði íbúakorts í nær tvö og hálf ár. Þar að auki fékk ég sekt í vikunni kr. 3.400 (af því ég greiddi strax), þar sem ég var nokkrum mínútum of sein að hlaupa út og endurnýja. Það verður að breyta þessu fyrirkomulagi.

Ég vil heldur ekki þurfa að gera samning við bílaleiguna um leigu til 8-9 mánaða svo ég fái bílaleigubílinn skráðan á mig hjá Samgöngustofu, ef ég þarf ekki á honum að halda þegar til kemur nema í einhverjar vikur í viðbót. Nokkuð sem ég ekki veit.

Það hljóta margir að hafa hliðstæða sögu að segja, og miðað við stefnu Borgarinnar í samgöngumálum, þá ætti að vera einfalt fyrir Borgarráð að kippa þessu í lag.

Ef það dregst eitthvað, þá væri ég líka mjög þakklát að fá einhvers konar bráðabirgða skírteini til að brúa bilið.

--- --- --- ---

Þér er velkomið að nota þennan texta eins og þú vilt í þessu samhengi, og mér þætti vænt um ef þú leyfðir mér að fylgjast með.

Hér fyrir neðan eru bréfaskipti mín við Bílastæðasjóð um þetta efni. (áframsend á stjórn)

Með kveðju,

Guðríður Adda Ragnarsdóttir

### **Innlegg frá Einari Erni**

Já, ég á við dálítið sérstakan vanda að stríða en það er að ég borga talsverðar upphæðir í bílastæðagjöld mánaðarlega fyrir ríkisbifreið sem ég hef umráð yfir vegna starfs míns og hef haft síðan ég hóf störf hjá Matvælastofnun á Selfossi fyrir tæpum 7 árum.

Ég þeytist sem sagt austur til Selfoss alla virka morgna ásamt þremur öðrum vinnufélögum. Eina ástæðan fyrir því að ég sit uppi með bifreiðina alla jafna er sú hvað ég bý vestarlega á nesinu sem höfuðborgin stendur á. Hinir bílfélagarnir búa austar í borginni. Ég byrja hvern dag á að sækja vinnufélagana og skila þeim síðdegis.

Ekkert af þessu teldist til tíðinda ef ekki væri fyrir það að öll bílastæði fyrir utan hús mitt eru gjaldskyld og bara það að hafa bílinn fyrir utan hjá mér heilan laugardag (ég sit iðulega uppi með bílinn um helgar líka) kostar mig 1.000 kr. Gjaldskylda á virkum dögum (16:30 til 18:00) kostar mig 200 kr. pr.dag sem safnast saman í talsverðar upphæðir á ársgrundvelli.

Hinn kosturinn er sá að leita uppi gjaldfrjáls bílastæði austan Skothúsvegur sem er ekki alltaf auðvelt og reyndar mjög óvinsælt af íbúum þar (bíllinn er merktur ríkisstofnun). Og undarlegt að hefja vinnudaginn á að ganga langa leið að bílnum.

Ég á engan bíl sjálfur en hef umráð yfir þessum bíl. En ég fæ ekkert bílastæðakort því ég er ekki skráður eigandi bifreiðarinnar.

Kv. Einar

### **Erindi frá íbúum við Vatnsstíg 3b**

#### **NOKKUR ORÐ UM GÖNGUGÖTUR OG FLEIRA**

Þegar göngugötur voru kynntar sem sumargötur sl. vor, var Vatnsstígurinn yfirleitt ekki talinn með. Þó fannst einhverjum að það hefði sést einhvers staðar. Því þurfti virkilega að hafa fyrir því að komast að hinu rétta. Það gerðist ekki fyrr en eitt okkar lenti í því, ásamt mörgum öðrum að fá stöðusekt fyrir að leggja bílnum þarna eins og viðkomandi var vanur. Sektin hljóðaði upp á kr. 8.900 og fór fljótt upp í krónur 10.000, sem jafngildir því að leggja ólöglega upp á gangstétt, hjólastíg eða umferðareyjar. Það þótti hinum sama napurt á illa kynntu umbreytingarskeiði í nærumhverfinu. Kynningin á þessum göngugötum var langt frá því að vera nógu góð fyrir íbúanna. Óþarfi að láta fólk lenda í svona löguðu.

Okkur skilst reyndar, að einhver stöðuvörður hefði að eigin frumkvæði tekið sig til og sett miða á framrúðuna á nokkrum bílum til að vara eigendur þeirra við áður en breytingin á götunni átti sér stað. Það var gott framtak, en sumir fengu ekki slíkan miða á sinn bíl og því fór sem fór. Vitað er að borgin vill draga úr pappírnotkun en fyrr má nú rota en dauðrota. Hægðarleikur hefði verið að bera slíka viðvörðun í hús til okkar sem búum þarna. Við erum sum amk. með íbúakort frá Bílastæðasjóði og finnst við eiga rétt á lágmarksþjónustu frá borginni. Það hefði líka verið hægt að senda handhöfum slíkra korta fyrir viðkojmandi svæði tölvupóst um málið.

Því má skjóta hér inn, að þegar borgin veitir leyfi fyrir tónleikahaldi á Dillon, mætti að ósekju láta íbúa í nágrenninu vita, t.d. með blaði sem dreift er í nærliggjandi hús. Það þarf bara að liggja ljóst fyrir hver á að sjá um það. En sú var ekki raunin.

Talandi um íbúakort. Þeir íbúar hússins sem gera langtímasamning við bílaleigu, en eru ekki skráðir eigendur bifreiðarinnar sem þeir aka, eiga ekki kost á slíku korti. Því þyrfti að breyta. Spjald til að setja undir framrúðuna, ef tölvumálin eru of flókin, væri skárri en ekkert. Eins ef bíllinn manns lendir á verkstæði sökum áreksturs og tryggingarnar útvega manni bíl í staðinn, mætti bjóða upp á möguleika til að nýta íbúakortið áfram.

Vatnsstígurinn í núverandi mynd býður ekki upp á neitt sem göngugötu má prýða. Þar hefur ekkert “verið málað á skemmtilegan hátt”, engin blómaker verið sett upp og ekkert annað sem “skapar líf og ýtir undir jákvæða upplifun borgarbúa og gesta”. Húsin öðru megin við götuna eru í hrikalegri niðurníðslu. Þarna eru hins vegar merkt bílastæði, sem hefði verið gráupplagt að fá að nota áfram á meðan gatan er í þessu ásigkomulagi, hvað sem síðar verður. Hér er ekki nógu vel að verki staðið.

Vöruflutningar um göngugötturnar mega víst eiga sér stað einhvern tíma á morgnana. Þá eru flestar verslanir hins vegar lokaðar, ef fólk þarf að kaupa stóra hluti og aka með heim. Sorpa er einnig lokað

á morgnana, ef fólk vill fara þangað með eitthvað stórt. Það er kannski minna mál en þetta þarf að hugsa betur.

Fólk sem var að flytja úr framhúsinu (Vatnsstíg 3) varð fyrir ónotum af hálfu stöðugar sem sagði: “Þið verðið að sækja um leyfi...” Blessað fólkíð hafði víst ekki áttað sig á þessari tímasetningu fyrir búslóðarflutninga, hafði fengið lánaðan bíl til flutninganna og vissi ekki um þessa tímasetningu. Það eru ef til vill byrjunarörðugleikar, en hér sem fyrr skortir upplýsingagjöf til íbúa.

Þegar að því kemur, að Vatnsstígurinn verður endurnýjaður, ný hús reist og gömul gerð upp, mætti taka til athugunar og umræðu álagið sem íbúar munu verða fyrir vegna hávaðamengunar. Hávaðinn hefur viðá farið út yfir öll þolmörk á undanförunum árum, þegar verið að sprengja fyrir bílakjöllurum og fleiru.

Við undirrituð búum á Vatnsstíg 3 b og er málið þar af leiðandi skylt.

Virðingarfylltst,

Maríella Sigmundsdóttir.

Aðalbjörg Drífa Aðalsteinsdóttir.

Pétur Hafþór Jónsson.=